

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Safamýri 58-60.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, 14. mars 2024, tillögu að breytingu á deiliskipulagi Safamýrar-Álftamýrar vegna nýrrar lóðar að Safamýri 58-60. Í breytingunni felst að skilgreind er ný lóð með staðfanginu Safamýri 58-60 fyrir fjölbýlishús með allt að 40 íbúðum. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Álfaland 15.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, 29. maí 2024, tillögu að breytingu á deiliskipulagi Eyrarlands vegna lóðarinnar nr. 15 við Álfaland. Í breytingunni felst að skipta húsinu upp í fjórar íbúðir og endurbýggja, stækka og hækka útbýggingu á vesturenda hússins. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Ellidavogur/Ártúnshöfði – svæði 1 – reitur 3.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 6. júní 2024, breytingu á skilmálum deiliskipulags Ellidavogs/Ártúnshöfða, svæðis 1, vegna reits 3. Í breytingunni felst að heimilt verði að nýta rými í kjallara sem atvinnuhúsnæði. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Reitur 1.172.1, Frakkastígsreitur – Laugavegur 35 og Vatnsstígur 4.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, 12. júní 2024, tillögu að breytingu á deiliskipulagi reits 1.172.1, Frakkastígsreits, vegna lóðanna nr. 35 við Laugaveg og nr. 4 við Vatnsstíg. Í breytingunni felst sameining lóðanna Vatnsstígur 4, Laugavegur 33 og 35 og hluta lóðarinnar Laugavegur 37 í þeim tilgangi að samnýta bílajakjallara, gera tengingar milli húsa mögulegar og einfalda eignaskipti og útgáfu rekstrar- og starfsleyfa. Að Vatnsstíg 4 er þakformi syðri hluta hússins breytt þannig að neðri rishæð verður með innhallandi útveggjum og efri rishæð verður inndregin með samfelldum þaksvölum meðfram suður- og vesturhlíð. Í breytingunni sem lögð er til fyrir Laugaveg 35 felst að útveggur efstu hæðar nýbyggingar til vesturs þarf ekki að vera innhallandi, heimild fyrir lyftuhúsi er aftur sett inn og má það ná allt að 4,6 metrum upp fyrir endanlegt yfirborð þakverandar, heimilt verður að byggja stigahús fast upp við lyftuhús og skulu útveggir þess aðrir en þeir sem snúa upp að lyftuhúsinu, vera sem mest úr gleri og skal þak stigahúss halla frá lyftuhúsi og ekki vera hærra en nauðsyn krefur, heimilt verður að byggja upp í skot á milli nýbyggingar og gamla timburhússins og nær heimildin eingöngu til verslunarhæðar timburhússins, á efri hæðum verða svalir. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Hlíðarendi – Hlíðarendi 6 og 14.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 7. mars 2024, breytingu á deiliskipulagi Hlíðarenda vegna lóðanna nr. 6 og 14 við Hlíðarenda. Í breytingunni felst afmörkun tveggja lóða, annars vegar fyrir æfingasvæði og hins vegar fyrir gervigrasvöll á lóð Knattspyrnufélagsins Vals. Um að ræða vestasta hluta Hlíðarenda 14, nánar tiltekið

Nr. 728

21. júní 2024

vestan við nýsamþykktan gervigrasvöll félagsins, og vestasta hluta Hlíðarenda 6, Friðriksvöll. Hlíðarendi 14 skiptist í tvær lóðir og Hlíðarendi 6 skiptist einnig í tvær lóðir. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 21. júní 2024.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfudagur: 21. júní 2024